

Alþingi
Nefndasvið
b.t. formanns efnahags- og viðskiptanefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík


Fjallabyggð, 18. febrúar 2022
Málsnr. 2201041 / EP

Efni: Umsögn bæjarráðs Fjallabyggðar um 12. mál – þ.e. þingsályktunartillögu um úttekt á tryggingarvernd í kjölfar náttúruhamfara

Með tillögu 17 alþingismanna, undir forystu Líneikar Önnu Sævarsdóttur alþingismanns, er lagt til að ríkisstjórnin láti framkvæma úttekt á tryggingarvernd og úrvinnslu tjóna í kjölfar náttúruhamfara hér á landi. Markmiðið með úttektinni er að greina hvaða vankantar kunni að vera til staðar varðandi almenna tryggingarvernd við þær aðstæður og úrvinnslu tjóna vegna slíkra hamfara um leið og úttekt þar um dragi fram hvaða leiðir séu færar til úrbóta frá þeirri stöðu sem nú er. Er í tillögunni lagt til að við greininguna verði einkum horft til náttúruhamfara sem hafi átt sér stað á síðustu tíu árum. Er lagt til að úttektinni verði skilað í formi skýrslu til Alþingis eigi síðar en þann 1. júlí nk.

Í greinargerð með tillögunni er vikið sérstaklega að því að margir aðilar komi að úrvinnslu tjóna vegna náttúruhamfara, eins og starfsmenn tryggingafyrirtækja og sjóða, matsmenn, verkfræðingar, verktakar, stjórnvöld þ.e. bæði ríki og sveitarfélög, sem oft á tíðum gerir tjónþolum erfitt um vik að átta sig á því hvernig þeir eigi að snúa sér eftir að hafa orðið fyrir tjóni vegna náttúruhamfara.

Flutningsmenn leggja til að úttektinni verði m.a. beint að þeirri spurningu hvernig megi læra af reynslunni og nýta hana til þess að einfalda kerfið ef hægt er, og ekki hvað síst að reyna að tryggja jafnræði tjónþola þegar kemur að því að eiga við tjón vegna afleiðinga náttúruhamfara. Því er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að gera úttekt á tryggingarvernd í kjölfar náttúruhamfara með það að markmiði að greina hvar skóinn kreppi þegar kemur að tryggingarvernd og úrvinnslu tjóna sem geti orðið grundvöllur úrbóta til framtíðar. Nánar er svo rakið í tillögunni hvaða atriði flutningsmenn hennar leggja áherslu á að verði horft til við framkvæmd á umbeðinni úttekt.




Umsögn Fjallabyggðar

Fjallabyggð tók málið fyrir á fundi bæjarráðs þann 17. febrúar 2022. Bæjarráð tekur heilshugar undir með flutningsmönnum tillögunnar um að það sé tímabært að leggja mat á það hvernig megi einfalda þetta kerfi frá því sem það er í dag, þannig að það komi íbúum þessa lands til góða þegar á bjátar gagnvart hamförum sem kunna að verða af völdum náttúrunnar.

Þrátt fyrir að bæjarráð taki undir tillöguna vill það leggja sérstaka áherslu á að til þess að úttektin nái markmiði sínu, að mati bæjarráðs, verði að taka inn í umrædda úttekt starfsemi og hlutverk Ofanflóðasjóðs. Sjóðurinn starfar sem forvarnarsjóður, auk þess að hafa það hlutverk að kaupa upp eignir og greiða fyrir flutning á þeim við tilteknar aðstæður. Sjóðurinn er því óhjákvæmilega hluti af þeirri tryggingarvernd sem flutningsmenn eru að reyna að ná utan um. Það hafa komið upp álitæfni um starfsemi sjóðsins. Má í því samhengi vísa einkum til tveggja atriða. Hið fyrra er að lögin kveða á um að þau taki til skíðasvæða og eigna sem þar er að finna. Ofanflóðanefnd hefur hafnað því að svo sé þrátt fyrir skýrleika laganna hvað þetta varðar. Þetta hefur ekki verið skýrt til fulls af hálfu sjóðsins. Þá hefur verið sett sérstök reglugerð um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, sem tekur m.a. til starfsemi sjóðsins, sbr. reglugerð nr. 637/1997. Þar virðist sem hlutverk sjóðsins sé að einhverju marki þrengt frá því sem lög kveða á um að hlutverk hans skuli vera, þ.e. þegar kemur að uppkaupum og flutningi fasteigna af hættusvæðum. Í reglugerðinni kemur fram að sjóðurinn greiði einungis kostnað vegna flutnings íbúðarhúsa, þrátt fyrir að lögin kveði á um að greiða megi allt að 90% af kostnaði við kaup eða eignarnám á húseignum, lóðum eða öðrum fasteignum, svo og kostnað við flutning húseigna. Ástæða umræddrar þrengingar sem hefur verið gerð á starfsemi sjóðsins í umræddri reglugerð, sem brýtur berlega í bága við ákvæði laga, hefur ekki verið skýrð. Það að takmarka uppkaup og flutning við íbúðarhús verður heldur ekki samræmt fjármögnun sjóðsins þar sem tekjur hans byggja á brunabótamati allra húseigna, einnig atvinnuhúsnæðis, og því undarlegt að reglugerð um sjóðinn og framkvæmd hans á sínum verkefnum skuli vera með þeim hætti sem raun ber vitni. Það er algerlega nauðsynlegt að mati bæjarráðs að hlutverk og verkefni Ofanflóðasjóðs verði tekin inn í þá úttekt sem ætlunin er að ráðast í, verði þingsályktunartillagan samþykkt, svo hægt verði að draga fram heildarmynd af tryggingavernd og úrræðum sem hægt sé að grípa til þegar vá steðjar að og eftir að hamfarir hafa gengið yfir.

Í annan stað vill bæjarráð vekja athygli á að í dag heyrir stjórn Ofanflóðasjóðs, Bjargráðasjóðs og Náttúruhamfarartrygginga Íslands, helstu sjóða og stofnana sem varða það málefni sem hér er til umfjöllunar, undir þrjú ráðuneyti. Það er mat bæjarráðs að fyrsta skrefið til einföldunar á þessu kerfi væri að fella alla þá aðila sem fjalla um forvarnir og eftirmála náttúruhamfara undir eitt ráðuneyti. Það myndi að mati bæjarráðs einfalda til muna stjórnsýslu og framkvæmd málaflökksins. Eðlilegast væri að þessi starfsemi myndi vinna með þeim stofnunum sem sjá um forvarnir, sbr. t.d. starfsemi Veðurstofunnar. Meginatriðið að mati bæjarráðs er að einfalda núverandi fyrirkomulag



og tryggja að stjórnsýsla á þessu sviði sé einföld og gegnsæ. Það myndi að mati bæjarráðs einfalda leiðir allra þeirra sem þurfa að sækja til opinberra aðila vegna yfirvofandi hættu og tjóns af völdum náttúruhamfara.


Í þriðja lagi leggur bæjarráð áherslu á að það verði kannað sérstaklega hvort rétt sé að koma sem mestu af þeirri starfsemi sem nú fellur undir náttúruvá og tryggingarvernd vegna náttúruhamfara fyrir íbúa landsins undir eina stofnun. Það myndi án efa einfalda allt regluverk fyrir þá íbúa og þau fyrirtæki sem þurfa að takast á við náttúruhamfarir og afleiðingar þeirra að þurfa einungis að leita til eins aðila. Það gæti líka gert að verkum að öll stjórnsýsla væri mun einfaldari en nú er, auk þess sem slíkt fyrirkomulag gæti leitt af sér aukið jafnræði allra aðila þegar kemur að með úrvinnslu afleiðinga náttúruhamfara.

Í fjórða lagi vill bæjarráð koma því á framfæri að núverandi fyrirkomulag varna gegn náttúruvá og úrvinnsla tjóna vegna náttúruhamfara er með þeim sérkennilega hætti að í tilfelli varna er krafist sérstaks framlags úr sjóðum sveitarfélags þegar kemur að framkvæmdakostnaði og í tilfelli tjóna eru talsverðar byrðar lagðar á sveitarfélagið í formi eigin áhættu vegna náttúruhamfara. Það ætti hver maður að sjá að engar forsendur standa til þess að sveitarfélög og aðrir sem verða fyrir tjóni vegna náttúruhamfara skuli bera eigin áhættu vegna þessa. Þessa áhættu á samfélagið í heild að bera. Mat bæjarráðs er því það að hvorki sé skynsamlegt né sanngjarnt að byggðarlag sem býr við þær aðstæður að þörf sé á vörnum gegn náttúruvá þurfi að greiða hluta kostnaðar við sameiginlegar varnir samfélagsins (*sbr. lög um varnir gegn snjóflóðum*). Að sama skapi er það ekki eðlilegt að tjónþoli vegna náttúruhamfara verði að bera sjálfsábyrgð á tjóni sem með engu er hægt að halda fram að hann geti varið sig gegn eða komið í veg fyrir.

Mat bæjarráðs er að mat á þörf fyrir, og gerð varna gegn náttúruvá, ásamt úrvinnslu tjóna ef hamfarir verða skuli vera á hendi alls samfélagsins sem land okkar byggir, þ.e. ríkisins og stofnana á vegum þess.

Þá vill bæjarráð benda á þann vanda sem til framtíðar felst í því að ofanflóðasjóður metur það svo að varnarmannvirki séu í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga. Augljóst má vera að sveitarfélög, hversu stór sem þau kunna að vera, geta ekki borið ábyrgð á varnarmannvirkjum af þeirri stærðargráðu sem ofanflóðavarnir eru. Það er verkefni samfélagsins alls.

Að lokum vill bæjarráð að horft verði sérstaklega til þess að þegar náttúruhamfarir eiga sér stað í tilteknu sveitarfélagi, þá tekst þjóðin á við það verkefni sem ein heild. Samfélag sem verður fyrir náttúruhamförum er í reynd alla jafna samfélag í sárum. Það má því ekki koma til þess að á sama tíma og verið er að takast á við hamfarir og afleiðingar þess í samfélaginu þurfi sveitarfélagið og/eða forsvarsmenn þess, eða eftir atvikum einstaka tjónþolar, að þurfa að eiga við marga mismunandi aðila á æðra stjórnsýslustigi vegna



Þessa. Það er því afar mikilvægt að mati bæjarráðs að þessum málum verði öllum komið fyrir á einni hendi. Það ætti að tryggja yfirsýn og heilbrigða stjórnsýslu í málaflokknum.

Að öðru leyti fagnar bæjarráð Fjallabyggðar framkominni tillögu og leggur til að farið verði í þá vinnu hið fyrsta sem tillagan gerir ráð fyrir að ráðist verði í, auk þess sem varnir gegn náttúruvá verði teknar til skoðunar samhliða þeim atriðum sem nefnd eru í tillögunni er varða kostnað við varnir þar sem þessir þættir eru samofnir í löggjöfinni í dag.

Virðingarfyllt
f.h. bæjarráðs Fjallabyggðar
Elías Pétursson bæjarstjóri Fjallabyggðar